

Svar

**félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Jóhanni Páli Jóhannssyni
um aðgerðir til að auðvelda aðgengi erlendra sérfræðinga
utan EES að íslenskum vinnumarkaði.**

1. Til hvaða aðgerða hefur ráðherra gripið til að auðvelda aðgengi erlendra sérfræðinga frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins að íslenskum vinnumarkaði?

Á undanförnum árum hefur verið gripið til ýmissa aðgerða til að auðvelda aðgengi erlendra sérfræðinga frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins að innlendum vinnumarkaði. Í því sambandi má meðal annars nefna að í þeim tilvikum þegar um er að ræða umsókn um atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipekkingar getur hlutaðeigandi atvinnurekandi óskað eftir að Vinnumálastofnun taki ákvörðun um heimild viðkomandi útlendings til að hefja störf hjá atvinnurekandanum á afgreiðslutíma umsóknar um dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002. Skilyrði fyrir því að slíkt sé heimilt er að Vinnumálastofnun hafi veitt tímbundið atvinnuleyfi í því tilviki sem um ræðir hverju sinni með fyrirvara um veitingu dvalarleyfis vegna starfs sem krefst sérfræðipekkingar samkvæmt lögum um útlendinga og að atvinnurekandinn ábyrgist greiðslu á heimflutningi útlendingsins komi til þess að honum verði synjað um dvalarleyfið. Í þeim tilvikum þar sem fyrir liggar undirritaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og útlendings er Vinnumálastofnun jafnframt heimilt að taka til meðferðar umsókn um tímbundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipekkingar á undan öðrum umsóknum um atvinnuleyfi sem hafa borist stofnuninni. Enn fremur hefur sá tími sem heimilt er að veita tímbundin atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipekkingar í fyrsta skipti verið lengdur úr einu ári í tvö auk þess sem heimilt er að fram lengja slík atvinnuleyfi um allt að tvö ár í senn.

Þá hafa Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun breytt verkferlum sín á milli í því skyni að tryggja að ekki verði óþarfa tafir á afgreiðslu atvinnuleyfis í þeim tilvikum þegar um er að ræða umsókn um dvalar- og atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðipekkingar.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hefur umsóknum um atvinnuleyfi hér á landi vegna starfs sem krefst sérfræðipekkingar fjölgæð ár frá árið 2015 ef undan er skilið árið 2020. Í meðfylgjandi töflu má sjá fjölda veittra atvinnuleyfa hér á landi vegna starfs sem krefst sérfræðipekkingar sem og hlutfall veittra leyfa af umsóknum um slik leyfi, greint eftir árum, en til viðbótar má nefna að það sem af er árinu 2022 hefur Vinnumálastofnun veitt rúmlega 180 slík atvinnuleyfi.

Ár	Fjöldi leyfa	Aukning frá fyrra ári	Hlutfall veittra leyfa
2021	684	20%	95%
2020	572	-4%	93%
2019	597	16%	95%
2018	516	31%	95%
2017	395	22%	96%
2016	325	69%	99%
2015	192	40%	96%

Heimild: Vinnumálastofnun.

2. *Hyggst ráðherra grípa til frekari aðgerða til að auðvelda aðgengi erlendra sérfræðinga frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins að íslenskum vinnumarkaði? Ef svo er, til hvaða aðgerða og hvenær er gert ráð fyrir að þeim verði lokið?*

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokk og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs kemur meðal annars fram að umsóknarferli um dvalar- og atvinnuleyfi fyrir einstaklinga sem sinna störfum sem krefjast sérfræðiþekkingar verði einfaldað. Verkefnið fellur undir dómsmálaráðuneytið en gert er ráð fyrir að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið verði einn af þeim aðilum sem munu koma að þeirri vinnu.

Þegar vinnu við framangreint verkefni vindur fram má svara því til hvaða aðgerða verði gripið í því skyni að auðvelda aðgengi erlendra sérfræðinga frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins að innlendum vinnumarkaði.

3. *Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að auka réttindi erlendra sérfræðinga og fjölskyldna þeirra frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fá dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi? Ef svo er, til hvaða aðgerða og hvenær er gert ráð fyrir að þeim verði lokið?*

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokk og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs kemur meðal annars fram að mótuð verði skýr og heildstæð stefna í málefnum útlendinga sem miði að því að fólk sem sest hér að hafi tækifæri til aðlögunar og virkrar þáttöku í samféluginu og á vinnumarkaði. Þessi stefnumótun fallur undir málefnasvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins en gert er ráð fyrir að í þeirri vinnu sem það verkefni mun hafa í för með sér verði meðal annars vikið að réttindum erlendra sérfræðinga og fjölskyldna þeirra frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem hyggjast setjast hér að. Aðgerðir og tímarammi liggja ekki fyrir að svo stöddu.

4. *Hefur verið gripið til aðgerða til að stytta afgreiðslutíma umsókna sérfræðinga frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins um dvalar- og atvinnuleyfi á Íslandi? Ef svo er, hvenær er gert ráð fyrir að þeim verði lokið?*

Lög um útlendinga, nr. 80/2016, falla ekki undir málefnasvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og hefur ráðuneytið því ekki upplýsingar um hvort gripið hafi verið til aðgerða til að stytta afgreiðslutíma umsókna sérfræðinga frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins um dvalarleyfi hér á landi. Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, falla hins vegar undir málefasvið ráðuneytisins og fer Vinnumálastofnun með framkvæmd laganna.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hefur afgreiðslutími umsókna um tímabundin atvinnuleyfi hér á landi vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar verið um það bil þrjár vikur eftir að umsókn berst stofnuninni til afgreiðslu. Er þar með talinn sá tími sem það tekur hlutaðeigandi atvinnurekanda að gera úrbætur á umsókn, ef þurfa þykir, sem og til

að leggja fram nauðsynleg gögn eða afla umsagnar viðeigandi stéttarfélags. Meðalafgreiðslutími veittra atvinnuleyfa vegna starfa sem krefjast sérfræðiþekkingar var 23 dagar á árinu 2021 og 21 dagur á árinu 2020 en við útreikning á afgreiðslutíma er ekki gerður greinarmunur á virkum dögum og almennum frídögum. Fylgi fullnægjandi gögn með umsókn um tíma-bundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérfræðiþekkingar getur Vinnumálastofnun verið unnt að ljúka afgreiðslu umsóknar innan fárra daga eða jafnvel sama dag og umsókn berst stofnuninni.

Þess má geta að í stefnu Vinnumálastofnunar fyrir árin 2022–2024, sem sett hefur verið í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, er við það miðað að afgreiðslutími umsókna um tímabundin atvinnuleyfi sé að hámarki 21 dagur.